

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 29/1995 um hundahald á Blönduósi.

1. gr.

Staflíður c í 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá sem Blönduóssbær setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlitsins með einstökum þáttum. Blönduóssbær skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

Framangreind samþykkt staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. janúar 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.